

NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

Sent umhverfisráðuneytinu

Reykjavík 15. ágúst 2003
2003040015/016-0
KHS/hj

Tjón af völdum gæsa á Brúnastöðum

Vísað er í tölvubréf dags. 12. ágúst sl. en þar er óskað umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um erindi Ketils G. Ágústssonar á Brúnastöðum um undanþágu til veiða á grágæs vegna tjóns á ræktarlandi. Með erindi Ketils fylgdi umsögn Sveins Ægis Sigurðssonar og nokkrar ljósmyndir af tveimur túnnum í eigu Ketils. Af myndunum má ráða að þar hafi verið töluverð gæsabeit, einkum næst Hvítá.

Farið er fram á heimild til að skjóta grágæsir sem að mati Ketils valda búsiþjóm á túni er ætlað var kúm til beitar síðsumars. Einnig kemur fram að reynt hafi verið að nota gasbyssu til að fæla álfir og gæsir úr túnnum en það hafi reynt gagnslaust til lengdar. Hið sama gildir um hunda, kerrur, dráttarvélar, fuglahræður og útvarp. Ekki kemur fram hjá Katli hvort hann hafi reynt að girða ármeginn eftir túninu eins og stungið var upp á í umsögn Náttúrufræðistofnunar um hliðstætt erinda frá Katli sl. vor. Loks kemur fram að góð tíð í vor hafi valdið því að grágæsar yrpu fyrir og því hefðu þær komi óvenju snemma í tún með unga sína nú í sumar eða upp úr 20. júlí.

Náttúrufræðistofnun telur ljóst að ágangur gæsa sé óvenju mikill í tún á Brúnastöðum enda henta aðstæður þar gæsum einkar vel. Í ljósi þess að þegar hafa verið reynd ýmis ráð til að halda fuglunum burt, án þess að tilhlíðilegur árangur hafi náðst, og að tjón af völdum gæsanna virðist vera umtalsvert, er mælt með því að Katli verði heimilað að láta veiða allt að 10 gæsir fram til 20. ágúst og þá með hliðstæðum skilyrðum og gilt hafa um slíkar veiðar, svo sem að fuglar verði ekki nýttir; vængjum verði skilað til Náttúrufræðistofnunar og skýrslu um árangur aðgerða til ráðuneytis.

Jafnframt er ítrekuð ábending frá því í vor um að Umhverfisstofnun gangist fyrir vettvangsrannsókn á Brúnastöðum og gefi út í kjölfarið leiðbeiningar til ábúanda um hvernig best verði staðið að því að verjast tjóni af völdum gæsa.

Virðingarfyllt,

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS